

Reykjavík, 13. nóvember 2019

Berist til Jóhannesar Rúnarssonar,
framkvæmdastjóra Strætó BS
Hesthálsi 14,
110 Reykjavík

Vegna áætlana um að breyta leiðarkerfi strætó frá Reykjanesbraut og um Stjörnugróf

Á fundi skólaráðs Fossvogsskóla þann 13. nóvember sl., var fjallað um tillögu Strætó bs. að breytingu á leiðakerfi um Stjörnugróf, eftir ábendingar frá foreldrum.

Skólahverfi Fossvogsskóla nær frá Reykjanesbraut í austri til Kringlumýrarbrautar í vestri, og frá Bústaðavegi í norðri til landamerkjia sveitarfélaga í suðri. Eitt helsta einkenni hverfisins er öruggt umhverfi fyrir börn og fullorðna. Umferð er takmörkuð verulega í hverfinu sjálfu en stofnumferðaræðar umlykja hverfið á þrjá vegu. Þetta umhverfi hefur skapað sérstaka og öfluga hjóla- og göngumenningu barna í hverfinu enda hefur Reykjavíkurborg lagt sig fram um að veita hjólandi og gangandi forgang í hönnun umferðarmannvirkja í hverfinu síðastliðin ár.

Það skýtur skökku við að í tillögum Strætó bs að breyttu leiðarkerfi finnist tillaga sem gengur út á að kljúfa hverfið með því að opna fyrir umferð um Stjörnugróf yfir í Kópavog. Skólaráð fær ekki séð nokkurn þann ábata sem réttlæti þá ógn sem börnum stafar af aukinni umferð um þrönga íbúðagötu. Fyrir nokkrum árum kom fram tillaga um að opnuð yrði strætóleið í gegnum Hörgsland yfir í Kópavog en hætt við eftir mótmæli foreldra og annarra sem bera hag barna fyrir brjósti. Er þessi tillaga sama eðlis, þótt staðsetning sé önnur, og er vandséð að hagsmunir barna hverfisins séu minni nú. Skólaráð telur tillögu Strætó alvarlega ógn við öryggi barna í hverfinu og mótmælir harðlega þessari tillögu að leiðarvali.

Fyrir hönd skólaráðs Fossvogsskóla,

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir,
skólastjóri Fossvogsskóla